

**44. SAMBANDSRÁÐSFUNDUR UMFÍ
HÓTEL HÖFN, HORNAFIRÐI, 15. OKTÓBER 2022****DAGSKRÁ**

10:00

Fundarsetning

Kosning starfsmanna fundarins

Fundarstjóri

Fundarritari

Yfirlit yfir störf frá síðasta þingi

Skýrsla stjórnar

Reikningar lagðir fram

Umræður

Afgreiðsla reikninga

Mál lögð fyrir fundinn

Fjárhagsáætlun

Önnur mál frá stjórn

Erindi og mál frá sambandsaðilum

Umræður og málum vísað til nefnda

12:30

Hádegishlé

Nefndarstörf

Nefndir skila álitum, afgreiðsla mála

16:00

Fundarslit

Sambandsráð UMFÍ er æðsta vald í málefnum UMFÍ á milli sambandsþinga.

Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ eða varamönnum hennar.

UMFÍ býður til kvöldverðar á hótél Höfn, föstudagskvöldið 14. október kl. 20:00.

Fyrir fundarsetningu kynnti Gunnar Gunnarsson, UMFÍ, niðurstöður markaðs-kannana sem UMFÍ hefur látið gera á undanfögnu ári.

FUNDARSETNING

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ setti 44. sambandsráðsfund UMFÍ og sagði þessi orð:

Góðir ungmennafélagar.

Velkomin á sambandsráðsfundinn hér á Höfn. Það er afar ánægjulegt að sjá ykkur enda starfið að komast í hefðbundnara horf þar sem við getum orðið hist reglulega í raunheimum.

Segja má að við höfum haft í nægu að snúast á þessu ári sem liðið er frá síðasta þingi.

Við höfum farið saman í gegnum tvö ár af faraldri. Vírus sem fór um heimsbyggðina og breytti mörgu, sumu til hins verra en öðru til hins betra.

Við höfum tekið mörg góð skref inn í framtíðina í tæknimálum. Innleiddum ýmislegt sem getur bætt lífið og annað sem mun vonandi koma íþróttahreyfingunni til góða.

Á hinn bóginn eru ýmsar neikvæðar afleiðingar. Mataræði margra versnaði, fólk hreyfði sig minna saman, fór ekki á fjölmenna viðburði og það hafði í för með sér meiri einsemd.

Því miður erum við enn að glíma við ýmsa neikvæða eftirmála veirufaraldursins.

En við sláum ekki af og bitum í skjaldarrendur. Eitt af stærstu verkefnum framundan eru lýðheilsuáttál í stóra samhenginu þar sem við horfum bæði á líkamlega og andlega þáttinn.

Við hjá UMFÍ erum aðilar að ISCA – sem eru alþjóðleg samtök ýmissa grasrótarsamtaka á sviði íþróttar, sér í lagi almenningsíþróttar. Í gegnum tíðina hefur myndast sterk tenging og höfum við átt afar gott samtal við samtökin og erum þar með í beinu samtali við grasrótastarf víðsvegar um heiminn. Í vor átti ég þess kost að taka þátt í ráðstefnu í Evrópuþinginu með þingmanni þeirra og fulltrúum lýðheilsuáttála víðsvegar frá Evrópu. Þar komu skýrt fram áhyggjur fólks af æ verri lýðheilsu í kjölfar COVID og var vísað í gögn frá Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, WHO, því til stuðnings.

Fyrirliggjandi skýrslur heilbrigðisfyrivalda benda til þess að lífsstíll okkar sé að reynast okkur fjötur um fót. Stór hluti Evrópubúa glímir við offitu og ofþyngd. Þetta á við um fólk á öllum aldri og ljóst er að um 60% íbúa álfunnar eru að glíma við þetta lífsstílsvandamál.

Mörgu er um að kenna en þó er sérstaklega horft til minni hreyfingar samhliða óhollara mataræði og jafnvel röngu mataræði. Þetta skerðir lífsgæði fólks og setur þrýsting á heilbrigðiskerfi álfunnar með tilheyrandi fjárhagslegum kostnaði.

Við stöndum öll frammi fyrir þessu verkefni og því er vandinn samfélagslegur.

Þótt veirufaraldurinn sé nokkurn vegin að baki þá erum við enn að glíma við afleiðingarnar sem endurspeglast meðal annars í rekstrartölum fyrir yfirstandandi rekstrarár. Við – og svo sem forsvarsfólk allra félaga bæði hér á landi og erlendis – höfum þurft á öllu okkar að halda til að koma starfinu í gang aftur. Þetta eru kostnaðarsöm skref sem hafa annars vegar reynt á fjárhagslega og hins vegar andlega og líkamlega á alla þá sem að því koma. Við höfum þurft að grípa til margra ráða og fara djúpt í verkfærakistuna.

Nýjar aðstæður kalla á mikilvægi þess að kunna að nýta þau tækifæri sem geta komið upp. Á þeim tímum skiptir máli að við erum sveigjanleg samtök og getum gripið gæsina þegar hún gefst.

Mörg slík augnablik hafa komið upp á árinu. ÖBÍ réttindasamtök hafa unnið að því að koma aðildarfélögum sínum undir eitt þak. Þau föluðust eftir hlut UMFÍ í fasteigninni í Sigtúni og var lendingin sú að þau keyptu hlutinn. Andvirði sölunnar átti samkvæmt þingsamþykkt að ráðstafa til kaupa á ríkisskuldabréfum en eftir samtöl við bankastofnanir var ákveðið að biðja að sinni með slík kaup vegna þeirrar óvissu sem uppi er í efnahagslífinu. Fjárhæðin er því enn geymd á sparisjóðsreikningi í Landsbankanum.

Í kjölfarið mun þjónustumiðstöð UMFÍ flytja á þriðju hæðina í Íþróttamiðstöðina við Laugardalinn.

Flutningurinn markar spor í sögu íþróttahreyfingarinnar því sjaldan ef nokkurn tíma hafa ÍSÍ og UMFÍ deilt sama þaki. Í Íþróttamiðstöðinni eru líka skrifstofur Íþróttabandalags Reykjavíkur og Ungmennasambands Kjalarnesþings auk sérsambanda.

Þessar breytingar og flutningurinn er ákaflega jákvætt skref, samgangur og samskipti íþróttahreyfingarinnar verða mun meiri en nokkru sinni og munum við verða miklu sterkari saman en í sundur.

Af öðrum ánægjulegum skrefum má nefna að í vor æxluðust mál á þann veg að viðræður hófust á milli UMFÍ og sveitarstjórnar Húnaþings vestra um rekstur Skólabúðanna á Reykjum. Í ágúst var skrifað undir samning og hófust af fullum krafti endurbætur á húsnæðinu, sem hafði látið á sjá í gegnum árin. Á sama tíma fékk Sigurður Guðmundsson, forstöðumaður Skólabúða UMFÍ og Ungmennabúðanna á Laugarvatni það stóra verkefni að fullmanna báða staði, það er fyrir norðan og sunnan. Það tókst í tæka tíð áður en fyrstu nemendurnir komu mættu galvaskir á svæðið.

Gríðarlegir möguleikar felast í þessum verkefnum fyrir UMFÍ bæði til skamms tíma og til framtíðar. Forsvarsfólk íþrótt- og ungmennafélaga landsins geta einnig leigt húsnæðið utan skólatíma, bæði yfir veturinn og á sumrin. Reynsla er komin á þetta á Laugarvatni en þar hafa verið sumarþúðir, Íþróttakademían hefur verið með vikudvalir, Íþróttasamband fatlaðra með ævinýradvöl og svo má lengi telja. Vinnufundur stjórnar og nefnda var einnig haldinn þarna fyrir nokkrum vikum og er áhugi fyrir því að efla slíka vinnu enn frekar. Húsnæðið á Reykjum er síðan margfalt

stærra og býður upp á enn meiri möguleika fyrir íþróttá- og ungmennafélög, m.a. sundlaug og íþróttahús.

Það sem stendur þó uppúr er að á Laugarvatn koma um 2.000 nemendur úr 9. bekk grunnskóla af öllu landinu og á Reyki koma meira en 3.000 nemendur í 7. bekk. Því má með sanni segja að umfang skóla- og ungmennabúðanna hafi meira en tvöfaldast og náum við orðið til fleiri barna með beinum hætti en nokkru sinni fyrr.

Við erum um þessar mundir að móta miðlunarstefnu til að ná betur en áður til allra þessara nemenda og uppfræða þau til lífstíðar með grunngildi ungmennafélagshreyfingarinnar í farteskinu.

Þetta eru aðeins tvö dæmi af þeim stóru og nýju verkefnum sem við höfum unnið hjá UMFÍ.

Kannski getum við þakkað stefnumótuninni sem við höfum unnið vel að síðustu misserin að við erum sveigjanleg og getum með stuttum fyrirvara aðlagð UMFÍ að breyttum tíma þegar á þarf að halda.

Við höfum þurft að endurhugsa sviðsmyndir, sem hafa margar reynst jákvæð skref. Við höfum tekið upp ný vinnubrögð, eigum að vera óhrædd við að hugsa hlutina upp á nýtt, starfshættina, fjárhagsmálin og styrktarmálin. Hugmyndin var að hafa styrktarmálin á dagskrá þessa fundar í framhaldi af umræðu á vorfundum en eftir nánari skoðun var ákveðið að vísa málinu til frekari undirbúnings hjá Fræðslu- og verkefnasjóð.

Við þurfum að vera hugrökk og hafa kjark til að takast á við breytta tíma. Hreyfingin er ótrúlega kraftmikil og hokin af reynslu. Við vitum hvað þarf til og með ungmennafélagssandann að leiðarljósi verður þetta skemmtilegt viðfangsefni í góðra vana hópi og verður samfélaginu til góða.

Á dagskrá fundarins eru málefni sem varða lýðheilsu í landinu. Eins og okkur einum er lagið snúum við bökkum saman og mótum í sameiningu starfið til framtíðar. Því hvet ég ykkur sérstaklega til að taka þátt í þeirri umfjöllun sem framundan er. Það er ungmennafélagssandinn að verki.

KOSNING STARFSMANNA FUNDARINS

Fundarstjóri: Jóhanna Íris Ingólfssdóttir USÚ var kosin fundarstjóri.

Fundarritari: Sigurður Óskar Jónsson UMFÍ/USÚ var kosinn fundarritari.

YFIRLIT YFIR STÖRF FRÁ SÍÐASTA ÞINGI**SKÝRSLA STJÓRNAR**

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni hreyfingarinnar frá síðasta sambandsþingi. Skýrslan skiptist upp í fimm stefnuþætti, Starfsemi, leiðir, verklag, mannauð og fjármál. Fjallað er um ungmenna- og skólabúðir UMFÍ, en UMFÍ tók við skólabúðunum á Reykjum í Hrútafirði sl. sumar. Einnig er fjallað um viðburði síðastliðins árs og samstarfsverkefni sem UMFÍ tekur þátt í. UMFÍ úthlutaði tæpum 293 milljónum króna úr lottósjóði til sambandsaðila á árinu.

Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild sinni á vefsíðu UMFÍ.

REIKNINGAR LAGÐIR FRAM

Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ, gerði grein fyrir ársreikningi UMFÍ fyrir árið 2021. Tekjur umfram gjöld árið 2021 voru 42.620.062 kr.

Rekstrarniðurstaða án fjármuna og fjármagnsliða var 44.370.751 kr. Hlutdeild í afkomu Íslenskrar getspar sf. var neikvæð um 48.491.734 og heildarafkoma ársins því neikvæð um 6.120.983 kr.

UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA

Engilbert Olgeirsson HSK, þakkaði fyrir góða skýrslu og hrósaði fyrir góða útkomu reikninga. Hann þakkaði jafnframt fyrir gott samstarf við framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ í sumar. Hann viðraði einnig áhyggjur af lítilli þátttöku á mótinu og að skráningarkerfi fyrir mótið hafi ekki verið nógu gott. Hann var ánægður með það hversu vel gekk með söluna á Sigtúni 42. Í reikningunum spurði hann um húsnæðiskostnað, rekstur tölvukerfa og niðurfærslu krafna.

Guðmundur G. Sigurbergsson gjaldkeri UMFÍ, svaraði spurningum Engilberts. Húsnæðiskostnaður er safnliður fyrir allt húsnæði UMFÍ og Sportabler er inni í rekstri tölvukerfa. Niðurfærslur krafna eru m.a. vegna auglýsinga í Skinfxa en einnig er um að ræða hluti sem tengjast Þrastalundi sem verða á dagskrá síðar á fundinum.

Gunnar Þór Gestsson varaformaður UMFÍ, sagði frá muninum á Felix og Sportabler. Sportabler kerfið er fyrst og fremst skilakerfi fyrir hreyfinguna, en Felix var mun umfangsmeira kerfi með fleiri valmöguleikum. Í framhaldi af vinnu við skilakerfið er hugmyndin að fara í umræður um viðbætur við kerfið. Hann velti einnig fyrir sér hvort það sé eitthvað óeðlilegt við að íþróttahreyfingin skili af sér fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir taprekstri, enda fjárhagsstaða UMFÍ góð.

Guðmundur svaraði Gunnari því að tæpur helmingur eiginfjár UMFÍ sé bundinn í lottóinu. Hann er fylgjandi því að UMFÍ eigi einhvern varasjóð, enda ekki öruggt að ríkisframlagið haldi sér alltaf.

AFGREIÐSLA REIKNINGA

Ársreikningar ársins 2021 voru bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða

Milli dagskrárliða var starfsfólk UMFÍ beðið um að kynna sig stuttlega, enda margir nýir fulltrúar á fundinum.

MÁL LÖGÐ FYRIR FUNDINN (SJÁ TILLÖGUR HÉR AÐ NEÐAN)

Fjárhagsáætlun: Einar Þ. Eyjólfsson fjármála- og rekstrarstjóri UMFÍ kynnti fjárhagsáætlun UMFÍ fyrir árið 2023

Önnur mál frá stjórn: Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ tillögur 2 og 3

Erindi og mál frá sambandsaðilum: voru engin

TILLAGA NR. 1

FJÁRHAGSÁÆTLUN

44. sambandsráðsfundur UMFÍ haldin á Höfn í Hornafirði, 15. október 2022
samþykkir fjárhagsáætlun 2023.

Heildaryfirlit um rekstur 2023

	Áætlun 2023	Áætlun 2022	Raun 2022 <i>Horfur</i>
Rekstrartekjur:			
Ríkisframlag	129,000,000	129,600,000	129,000,000
Lottó og getraunir	268,000,000	272,000,000	303,739,394
Aðrar tekjur	292,891,000	150,846,941	201,200,318
	<u>689,891,000</u>	<u>552,446,941</u>	<u>633,939,712</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	211,053,514	130,978,376	158,980,280
Lottó til sambandsaðila	208,560,000	213,300,000	236,794,122
Annar rekstrarkostnaður	245,219,985	181,288,583	210,484,748
Veittir styrkir	20,300,000	20,100,000	23,292,450
Afskriftir	1,200,000	5,100,000	1,000,000
	<u>686,333,499</u>	<u>550,766,959</u>	<u>630,551,600</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða:	3,557,501	1,679,982	3,388,112
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Fjármagnstekjur	9,260,000	1,100,000	959,178
Fjármagnsgjöld	-1,200,000	(1,200,000)	(1,515,895)
	<u>8,060,000</u>	<u>(100,000)</u>	<u>(556,717)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins:	<u>11,617,501</u>	<u>1,579,982</u>	<u>2,831,395</u>

Heildaryfirlit um rekstur 2023

	Heild	Aðalsjóður	Ungmennabóðir á Laugarvatni	Skólabóðir á Reykjum	Fræðslu- og verkfermasjóður	Umhverfissjóður	Mótrahald
Rekstrartekjur:							
Ríkisframlag	129.000,000	103.200,000	19.350,000				6.450,000
Lotto og gætrunir	298.000,000	249.520,000			18.480,000	600,000	22.130,000
Aðrar tekjur	292.891,000	21.400,000	89.745,000	159.016,000		600,000	28.580,000
	699.891,000	374.120,000	109.095,000	159.016,000	18.480,000	600,000	28.580,000
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	211.053,514	70.864,748	59.961,681	68.182,844			12.044,241
Lottó til sambandsaðila	208.560,000	208.560,000			450,000	25,000	27.880,000
Annar rekstrarkostnaður	245.219,985	69.170,200	60.247,285	87.447,500			
Veittir styrkir	20.300,000	1.500,000			18.000,000	800,000	
Afskriftir	1.200,000	1.200,000					
	686.333,499	351.294,948	120.208,966	155.630,344	18.450,000	825,000	39.924,241
Rekstramiðurstæða án fjármagnslíða:	3.557,501	22.825,052	(11,113,966)	3.385,656	30,000	(225,000)	(11,344,241)
Fjármunategjur og (fjármagnsgjöld):							
Fjármagnstekjur	9,260,000	8,760,000			350,000	150,000	
Fjármagnsgjöld	(1.200,000)	(1.200,000)					
	8,060,000	7,560,000			350,000	150,000	
Rekstramiðurstæða ársins:	11,617,501	30,385,052	(11,113,966)	3,385,656	380,000	(75,000)	(11,344,241)

TILLAGA NR. 2**ÞRASKÓGUR OG ÞRASKÓGUR**

44. sambandsráðsfundur UMFÍ haldin á Höfn í Hornafirði, 15. október 2022 hvetur stjórn UMFÍ til þess að gæta hagsmuna hreyfingarinnar í málefnum er varða Þrastaskóg og Þrastalund.

Greinargerð: Á árinu 2014 var húsnæði Þrastalundar selt en landið sem húsið stendur á er leigt kaupanda hússins. Þá var einnig gerður rekstrarleigusamningur varðandi tjaldsvæðið í Þrastaskógi. Greiðslur eru og hafa verið lengi í vanskilum og eins eru nú hafnar framkvæmdir af hálfu leigutaka á tjaldsvæðinu án samþykkis UMFÍ og án viðeigandi leyfa yfirvalda.

TILLAGA NR. 3**LANDSSAMBAND ÆSKULÝÐSFÉLAGA**

44. sambandsráðsfundur UMFÍ haldin á Höfn í Hornafirði, 15. október 2022 samþykkir að fela stjórn UMFÍ að gæta hagsmuna sambandsins til hins ítrasta í máli sem tengist Landssambandi Æskulýðsfélaga.

Greinargerð: Í mars 2017 barst fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra beiðni frá Landssambandi Æskulýðsfélaga um að félagið verði skráð undir heitinu Landssamband Ungmennafélaga. UMFÍ hefur mótmælt skráningunni og átt í samskiptum við yfirvöld frá þeim tíma. Málið hefur m.a. komið inn á borð fyrirtækjaskrár, einkaleyfastofu, neytendastofu, umboðsmanns Alþingis, áfrýjunarnefndar um hugverkaréttindi og er nú til meðferðar í menningar- og viðskiptaráðuneytinu.

UMRÆÐUR OG MÁLUM VÍSAÐ TIL NEFNDA

Þar sem einungis þrjár tillögur lágu fyrir fundinum var ákveðið að ræða þær á fundinum en ekki í nefndum.

Einar Haraldsson Keflavík spurði hvort UMFÍ væri aðili að LÆF.

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ svaraði því neitandi.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð fjallaði stuttlega um LÆF málið og benti svo á það hefði verið gott ef það hefði verið hlustað á sig þegar varað var við því að selja Þrastalund. Hann telur algjörlega nauðsynlegt að losa um þann hnút sem orðinn er í því máli og fagnar tillögunni. Hann sagði jafnframt að þetta gæti verið fyrst UMFÍ fundurinn sem hann situr undanfarin 15 ár, þar sem eitthvað af viti kemur frá stjórninni um Þrastaskóg.

Engilbert Olgeirsson HSK er sammála tillögu 2. Varðandi tillögu 3, þá er staðan í Þrastalundi áhyggjuefni. Hann vill ekki hafa tjaldsvæði á svæðinu heldur bara

viðhaldslitla útivistarparadís með göngustígum o.fl. Þetta ætti heldur ekki að vera staður þar sem hentugt er að fara á fylleri, eftirlitslaust.

Ragnheiður Högnadóttir UMFÍ hefur Þrastaskóg einnig að áhugamáli. Hún hefur skoðað og greint alla pappíra sem tengjast málinu. Samningarnir um þetta eru fordæmalausir og skrítnir, þar sem mjög erfitt er að rifta samningum án mikils kostnaðar. Hún hefur einnig skoðað gjafabréfið frá því að UMFÍ var gefinn skógurinn. Það má „gefa“ skógræktinni skóginn.

Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ sagði að nauðsynlegt væri að spyrja fyrst spurningarinnar hvort við viljum eiga þetta og afleiddar spurningar. Það er grundvallarspurning.

Guðríður Aadnegard HSK segir að Þrastalundur hafi lengi verið HSK hugleikinn, enda á þeirra sambandssvæði. Fulltrúi HSK hefur lagt til að höfuðstöðvar UMFÍ yrðu færðar í Þrastalund og HSK hefur einnig lagt til að þeim yrði leyft að sjá um svæðið. Hún styður bæði tillögu 2 og 3.

Einar Haraldsson Keflavík sat eitt sinn í Þrastaskógarnefnd. Hann var á móti því að húsið yrði selt á sínum tíma, en þar áður með því að það væri byggt. Það voru greinilega gerð einhver reginmistök þegar samningurinn var gerður.

Engilbert Olgeirsson HSK vill alls ekki afhenda Skógræktinni skóginn. Þá væri illa fyrir okkur komið. Hann ítrekaði svo hugmyndir sínar um að skógurinn ætti að vera útivistarperla. Að skila skóginum væri uppgjöf

Ólafur Þ. Eyjólfsson UMFN sagði frá því að sonur sinn, 16 ára, hefði náð að leigja svæðið undir eftirlitslausa útihátíð frá núverandi rekstraraðila. Það ætti ekki að vera hægt og skrifast að nokkru leyti á UMFÍ.

Gunnar Þór Gestsson UMFÍ fjallaði um fjárhagslegu hliðina á tillögu 2. Spurningin væri hvort stjórn UMFÍ fengi heimild til þess að nýta söluhagnaðinn af Sigtúni 42 til að leysa til sín Þrastalund.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð veltir fyrir sér af hverju UMFÍ ætti að treysta HSK til að sjá um Þrastaskóg, fyrst UMSK og Vesturhlíð var ekki treyst til þess. Hann benti á að núna væri hreyfingin að láta grisja skóginn, m.a. til þess að gera gönguleiðirnar greiðfærari. Hann sagði jafnframt frá ýmsu sem gert hefur verið í Þrastaskógi í gegnum tíðina. Hann er sammála Engilbert að alls ekki eigi að skila skóginum til Skógræktarinnar.

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ þakkaði fyrir umræðurnar og fjallaði um fjárhagsáætlunina, sem lítið hefur verið rædd á fundinum. Hann fjallaði líka um niðurstöður kannananna sem kynntar voru fyrir fundinn.

Gissur Jónsson UMFÍ segist ekki ætla að fella tár vegna Þrastaskógar og Þrastalundar, þó það væri vel hægt. Hann segir tillöguna sem liggur fyrir fundinum góða en bendir á að framtíðarsýnin sé annar handleggur sem þyrfti að ræða heima í héruðum til að byrja með. Gissur hefur nefnt það á stjórnarfundum hvort UMFÍ ætti

að stefna að því að reka ungmenna- og/eða skólabúðir í fleiri héraðsskólum um landið.

Einar Haraldsson Keflavík er mjög ánægður með fjárhagsáætlunina. Hann óskar hreyfingunni til hamingju með búðirnar á Reykjum en setur spurningamerki við búðirnar á Laugarvatni, sem hefur verið borgað með lengi. Hann vill endilega reka búðirnar áfram, en það þarf eitthvað að endurskoða reksturinn á Laugarvatni.

Hallbera Eiríksdóttir UMFÍ þakkar fyrir góða fjárhagsáætlun, sem kannski þyrfti að uppfæra í samræmi við tillögu 2. Hún nefndi líka kynninguna sem var áður en fundurinn hófst. Ungmenna- og skólabúðirnar eru mikilvægur fyrsti snertiflötur kynningarmála hreyfingarinnar.

AFGREIÐSLA MÁLA

Guðmundur G. Sigurbergsson lagði fram breytingatillögu við tillögu 2 og að hún myndi hljóða svona:

44. sambandsráðsfundur UMFÍ haldin á Höfn í Hornafirði, 15. október 2022 heimilar stjórn UMFÍ að leysa til sín eignir í Þrastaskógi og í framhaldi rifta leigusamningum, skapist tækifæri til þess. Fjármunir til þessa komi af söluandvirði Sigtúns 42.

Einar Kristján Jónsson Vesturhlíð, Guðmundur G. Sigurbergsson UMFÍ/UMSK, Guðríður Aadnegard ræddu um tæknilega hlið tillögunnar.

Jóhann Steinar Ingimundarson dró upprunalegu tillögu 2 til baka fyrir hönd stjórnar.

Engilbert Olgeirsson HSK lagði til að upprunalega tillaga 2 og nýja tillagan yrðu sameinaðar svona:

44. sambandsráðsfundur UMFÍ haldin á Höfn í Hornafirði, 15. október 2022 hvetur stjórn UMFÍ til þess að gæta hagsmuna hreyfingarinnar í málefnum er varða Þrastaskóg og Þrastalund og heimilar jafnframt stjórn UMFÍ að leysa til sín húseignir í Þrastaskógi og í framhaldi rifta leigusamningum, skapist tækifæri til þess. Fjármunir til þessa komi af söluandvirði Sigtúns 42.

Greinargerð: Á árinu 2014 var húsnæði Þrastalundar selt en landið sem húsið stendur á er leigt kaupanda hússins. Þá var einnig gerður rekstrarleigusamningur varðandi tjaldsvæðið í Þrastaskógi. Greiðslur eru og hafa verið lengi í vanskilum og eins eru nú hafnar framkvæmdir af hálfu leigutaka á tjaldsvæðinu án samþykkis UMFÍ og án viðeigandi leyfa yfirvalda.

HÁDEGISHLÉ

Breytingatillaga Engilberts Olgeirssonar við tillögu 2 borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Tillagan í heild borin til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Tillaga 3 samþykkt samhljóða.

Tillaga 1, fjárhagsáætlun, samþykkt samhljóða.

AFHENDING HVATNINGARVERÐLAUNA UMFÍ

Auður Inga Þorsteinsdóttir og Jóhann Steinar Ingimundarson afhentu hvatningarverðlaun UMFÍ 2022.

Þau hlutu:

USAH – fyrir að efla íþróttastarf í héraði, m.a. fyrir samstarf Fram og Hvatar til eflingar íþróttanna í héraði.

UMSK – fyrir verkefnið Virkni og vellíðan, samstarfsverkefni aðildarfélaganna Breiðabliks, Gerplu og HK sem miðar að heilsueflingu 60 ára og eldri.

UMFÞ – fyrir verkefnið Fögnum ástinni, átaksverkefni sem miðar að fjölgun iðkenda.

Verðlaunahafar hljóta jafnframt 100.000 kr. styrk.

KYNNINGAR Á STÖRFUM NEFNDA UMFÍ OG ALMENNAR UMRÆÐUR UM KYNNINGARNAR

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson kynningarfulltrúi UMFÍ kynnti vinnu Útgáfu- og kynningarnefndar stuttlega, en Gunnar Gunnarsson hafði farið ítarlegar yfir hana áður en fundurinn sjálfur hófst.

Ragnheiður Högnadóttir kynnti vinnu Móta- og viðburðanefndar.

Gunnar Þór Gestsson og Jóhanna Íris Ingólfssdóttir kynntu vinnu vinnuhóps um íþróttahéruð og lottóreglur.

FUNDARSLIT

Fundarstjóri þakkaði fyrir sig og gaf Jóhanni Steinari Ingimundarsyni formanni orðið. Formaður sleit fundi kl. 15:32.

FUNDINN SÁTU:

Hjörleifur K. Hjörleifsson, HSH

Jóhann Björn Arngrímsson, HSS

Gunnhildur Hinriksdóttir, HSP

Lára Ósk Pétursdóttir og Elísa Björk Jónsdóttir, HSV

Enginn mætti frá HHF

Guðríður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson, HSK

Hrönn Ríkharðsdóttir, ÍA

Enginn mætti frá ÍBA

Áslaug Sigurðardóttir, ÍBR

Benedikt Jónsson, UÍA

Anna Þórisdóttir, UÍF

Snjólaug M. Jónsdóttir og Guðmann Jónasson, USAH

Sonja Lind Estrajher Eyglóardóttir, UMSB

Jón Egill Jónsson og Stefanía Björg Jónsdóttir, UDN

Þorgerður Guðmundsdóttir, UMSE

Guðmundur G. Sigurbergsson, UMSK

Thelma Knútsdóttir, UMSS

Erla Þórey Ólafsdóttir, USVS

Nína Axelsdóttir, USVH

Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, USÚ

Einar Haraldsson, Keflavík

Bjarni Már Svavarsson, UMFG

Ólafur Þ. Eyjólfsson, UMFN

Einar Kristján Jónsson, Vesturhlíð

Gunnar Helgason, UMFP

STJÓRN UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Jóhann Steinar Ingimundarson, Gunnar Þór Gestsson, Sigurður Óskar Jónsson, Guðmundur G. Sigurbergsson, Ragnheiður Högnadóttir, Gunnar Gunnarsson, Málfríður Sigurhansdóttir, Hallbera Eiríksdóttir og Gissur Jónsson

STARFSFÓLK UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Auður Inga Þorsteinsdóttir, Einar Þ. Eyjólfsson, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Ómar Bragi Stefánsson, Sigurður Guðmundsson og Ragnheiður Sigurðardóttir

AÐRIR GESTIR:

Emil Örn Morávek, verkefnastjóri á fræðslusviði Sveitarfélagsins Hornafjarðar